

Nefndasvið Alþingis  
berist efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 01.07.2009  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð o.fl., 114. mál,  
ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna**

Vegna fjarveru og veikinda var ekki hægt að skila þessari umsögn fyrr til háttvirtrar nefndar. Landsvirkjun hefur sem slík ekki skoðun á innihaldi frumvarpsins. Þess vegna er hér um að ræða einkaskoðanir undirritaðs.

## 1. Tilgangur frumvarpsins

Tilgangurinn með frumvarpinu er skýr skv. 1. gr. og 2. gr. Kjararáði er ætlað að lækka laun og starfskjör tiltekinn forstöðumanna félaga í beinni og óbeinni meirihlutaeigu ríkisins.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að lækkun launa þeirra sem frumvarpið tekur til sé um 50 milljónir krónur ári. Þar er ekki lagt mat á afleidd áhrif lækkunarinnar á hugsanlega lækkun launa næstæðstu stjórnenda í viðkomandi stofnunum eða félögum sem gætu orskast af lækkun launa forstöðumanna. Þá er heldur ekki lagt mat á hugsanlega lækkun launa annarra starfsmanna svo sem millistjórnenda, sem kunna nú að vera með hærri laun er forsætisráðherra.

## 2. Til hvernna tekur frumvarpið

Samkvæmt 1. gr. tekur frumvarpið til:

- forstöðumanna hlutafélaga, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins,
- forstöðumanna annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru í meirihlutaeigu ríkisins,
- forstöðumanna félaga sem eru í meirihlutaeigu félaga skv. a- og b-liðum að ofan.

Frumvarpið tekur ótvírætt til Landsvirkjunar, sbr. 13. gr. frumvarpsins, og er kjararáði ætlað að ákveða „starfskjör“ forstjóra. Aðrir starfsmenn Landsvirkjunar eru ekki sérstaklega nefndir. Væntanlega er þó ætlast til þess að forstöðumenn viðkomandi félaga taki síðan á sínum undirmönnum með sambærilega lækkun launa og starfskjara í huga, þó að það sé ekki sagt berum orðum í frumvarpinu. Nauðsynlegt er að geta þess ef sú er ætlunin.

Þá kemur skýrt fram að frumvarpinu er ætlað að taka til forstöðumanna félaga sem eru í meirihlutaeigu félaga skv. a- og b-liðum að framan. Viðbúið er að það geti verið ýmsum vandkvæðum háð að ná til slíkra félaga, t.d. þegar eignarhald (meirihluti) í þess háttar félögum



sveiflast meðal eigenda. Á t.d. kjararáð hverju sinni að taka til umfjöllunar launakjör forstöðumanna í hlutafélögum þegar þau komast í meirihlutaeigu félaga sem eru í meirihlutaeigu ríkisins, hvort heldur um er að ræða innlend eða erlend hlutafélög, en hætta þeim afskiptum þegar eignarhlutinn fer niður fyrir 50%? Á það sama við um dótturdótturfélög og keðjur slíkra félaga? Fyrirséð er að mörg praktísk vandamál hljóta að koma upp í þessu efni. Afar miklu skiptir að lagatextinn sé hér skýr.

Ástæða er til að benda á að til eru dótturfélög félaga í meirihlutaeigu ríkisins (og dótturfélög slíkra félaga) sem starfa á samkeppnismarkaði og keppa því um hæfa starfsmenn á þeim launamarkaði. Viðbúið er að samkeppnisstaða slíkra félaga skerðist umtalsvert ef þeim verður ekki lengur heimilt að keppa við sína samkeppnisaðila í launakjörum. Stoðunum kann því að verða kipt undan starfsemi þess háttar félaga.

### 3. Til hvaða launa tekur frumvarpið?

Í 1. gr. segir að kjararáð ákveði „laun og starfskjör“ viðkomandi aðila. Þá segir í 2. gr. frumvarpsins að kjararáð skuli gæta þess að „föst laun fyrir dagvinnu“ verði ekki hærri en „föst laun“ forsætisráðherra. Í athugasendum við 2. gr. segir m.a.:

*„Aðilum þeim, sem kjararáð ákveður laun, verður ekki ákveðin sérstök greiðsla á sama hátt og þeim sem starfa samkvæmt kjarasamningum fyrir þá vinnu sem þeir kunna að láta í té umfram 40 klst. dagvinnutíma. Því er gert ráð fyrir að kjararáð meti laun fyrir þá vinnu sem látin er í té utan hins daglega vinnutíma og talinn er þáttur í venjubundnu starfi viðkomandi aðila. Í því sambandi ber ráðinu einnig að meta hvaða störf teljist aukastörf sem launa beri aukalega og hvaða störf tilheyri aðalstarfi. Þá ber kjararáði við samanburð við launakjör annarra að taka tillit til sérstakra kjara og hlunninda er starfinu fylgja, þ.m.t. lífeyrisréttindi, veikindaréttur o.s.frv. Á móti ber að taka tillit til kvaða sem á embættinu kunna að hvíla.“*

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð segir að kjararáð ákvarði föst laun fyrir venjubundna dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveði á um önnur starfskjör. Ekki verður því annað séð en að kjararáði sé í framtíðinni, nái frumvarpið fram að ganga, ætlað að ákveða öll starfskjör viðkomandi forstöðumanna, að engu undanskildu. Ef ætlunin er að hið sama gildi um aðra starfsmenn viðkonandi félaga, sem og dótturfélög þeirra, er nauðsynlegt að taka það fram í lagatextanum með skýrari hætti en gert er.

### 4. Gildistaka

Samkvæmt 15. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að lögin taki þegar gildi.

Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt mun kjararáð væntanlega verða að taka sér einhverjar vikur, e.t.v. mánuði, til þess að ákveða launakjör forstöðumannanna, eftir öflun upplýsinga og gagna um störfin. Þá er spurning þegar ákvörðun liggur fyrir af hálfu kjararáðs hvort unnt er að koma henni í framkvæmd fyrr en samningum við einstaka forstöðumenn hefur verið formlega sagt upp og uppsagnartími er liðinn. Ef það er ekki gert og ákvörðun kjararáðs ætlað að koma til framkvæmda þegar hún liggur fyrir, án uppsagnar einstakra samninga, er viðbúið að einstakir forstöðumenn eigi rétt til skaðabóta úr hendi ríkisins á grundvelli samningsbundins uppsagnarfrests sem er vafalaust allt frá þremur mánuðum og upp í 12 eða jafnvel 18 mánuði. Töluverð óvissa er því ríkjandi á þessu sviði. Sama á síðan við um starfsmenn einstakra stofnana og



félaga ríkisins og dótturfélaga þeirra, ef ætlunin er sú að láta það sama yfir þá ganga. Um þetta er ekki fjallað með neinum hætti í frumvarpinu.

Með framangreint í huga legg ég eindregið til að nefndin skoði gaumgæfilega hvernig standa skuli að þeirri breytingu sem boðuð er í frumvarpinu. Að mínu mati er einnig mikilvægt að samræmis verði gætt milli aðila, ef ætlunin er að launabreytingar nái til annarra en þeirra, sem nefndir eru í frumvarpinu. Því betur sem málið er skoðað í upphafi þeim mun auðveldari ætti framkvæmdin að vera.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson  
forstjóri

